



Fréttabréf Naustaskóla

I. tbl 10. árg. 5. janúar 2018

Ábyrgðarmaður: Bryndís Björnsdóttir

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Óskilamunir

Enn er þónokkuð af óskilamunum hér í skólanum og allt of algengt að fatahengi séu full af fötum í lok dags og yfir helgar. Við hvetjum foreldra og forráðamenn til að sækja óskilamuni og er t.d. tilvalið að nýta viðtalsdagana 25. og 26. janúar til þess. Í lok janúar verða ósóttar flíkur gefnar til Rauða krossins.

Jólaús?

Að loknu jólafríi er góður siður að kíkja vel í hár barnanna og athuga hvort þar leynist einhver óvelkomin kvikindi. Oft lætur lúsin á sér kræla að loknum fríum og því langbest ef hægt er að finna og losa sig við dýrin áður en þau ná að dreifa sér í margmenninu í skólanum! :)



Kæra skólasamfélag

Við viljum byrja á að óska ykkur öllum gleðilegs nýs árs með kærri þökk fyrir samvinnuna á liðnum árum. Nýju ári fylgja nýjar áskoranir og ný verkefni sem við hlökkum til að takast á við.

Í janúar er ýmislegt um að vera í Naustaskóla sem endra nær. Nemendadagurinn verður 11. janúar, en þá fer fram hæfileikakeppni í skólanum. Nemendur skrá sig í keppnina hjá Kristjönu og er síðasta séns til að skrá sig þann 8. janúar.

Í lok mánaðarins, fimmtudaginn 25. og föstudaginn 26. janúar er svo komið að viðtalsdögum í skólanum og mánudaginn 29. janúar er starfsdagur kennara og nemendur því í fríi þann dag.

Á nýju ári ætlum við í Naustaskóla að taka sérstaklega á slæmu orðbragði og virðingarleysi í samskiptum, sem því miður er allt of algengt bæði í samskiptum nemenda við starfsfólk og nemenda á milli. Óskum við eftir samvinnu við ykkur foreldra og biðjum ykkur að ræða um mikilvægi þess að sína virðingu í samskiptum og framkomu við náungann. Við erum heppin að í Naustaskóla eru frábærir nemendur og starfsfólk en allir þurfa að vanda sig í samskiptum og börn og unglingar þurfa leiðsögn frá góðum fyrirmyndum til að temja sér góðar samskiptavenjur.

Nýárskveðjur,

Bryndís, Alla og Þorgeir



Breytingar á starfsmannahópnum

Nú um áramót verða smávægilegar breytingar á starfsmannahópnum. Ásdís Sigurðardóttir lætur af störfum sem íþróttakennari og kemur Heimir Árnason í hennar stað. Þá hefur Daníel Smári Magnússon verið ráðinn til starfa sem stuðningsfulltrúi í 6.-7. bekk. Enn fremur hefur Rebekka Ýr Sigþórsdóttir verið ráðin í afleysingastarf í Frístund.



Útivistarreglurnar

Á skólatíma
(1. september til 1. maí)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20
13 – 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22

Gjaldskrárbreytingar



Frá og með áramótum tekur gildi ný gjaldskrá Akureyrarbæjar og verða smávægilegar hækkningar á þjónustu skólanna. Fast mánaðargjald í Frístund er nú 7.540 kr. (20 klst) og hver klukkustund umfram það kostar 377 kr. Síðdegishressing kostar 137 kr. Annaráskrif í mótuneytinu kostar nú 433 kr. hver máltíð.

Sjá nánar á: <https://goo.gl/06Lp1b>

ATH: Gengið er út frá því að þeir sem voru í annaráskrift í mótuneyti, ávaxta- og mjólkuráskrift á haustönn haldi því áfram á vorönn. Við munum innheimta gjöld skv. því í byrjun febrúar en ef um einhverjar breytingar er að ræða þarf að tilkynna þær sem fyrst eða fyrir 20. janúar.



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Janúar 2018

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	1. Nýársdagur	2.	3. Starfsdagur Frístund lokuð	4. Tortillur með nautahakki og grænmeti Ávextir Kennsla hefst að loknu jólafríi	5. Skyr, brauð og álegg Ávextir	6. Brettándinn
7.	8. Hakk, spaghetti og gúrka Ávextir	9. Fiskibollur, kartöflur, salatbar og hvítlauksdressing Ávextir	10. Lambasteik, grænmeti, kartöflur og brún sósa Ávextir	11. Ofnbakaður fiskur í karrýostasósu, hrísgrjón og paprika Ávextir Nemendadagurinn	12. Súpa, brauð og salatbar Ávextir	13.
14.	15. Soðinn fiskur, kartöflur, gulrætur og brætt smjör Ávextir	16. Hakkabuff, kartöflur, gúrka og lauksósa Ávextir	17. Ofnbakaður fiskur í spínatrjóma, hrísgrjón og salatbar Ávextir	18. Steiktur kjúklingur, kartöflubátar, salat og sveppasósa Ávextir	19. Grjónagrautir og slátur Ávextir	20.
21.	22. Ofnsteiktur fiskur, hrísgrjón og paprika Ávextir	23. Lasagna, gúrka og hvítlauksbrauð Ávextir	24. Steikur fiskur, kartöflur, salatbar og salsadressing Ávextir	25. Súrsætur grísapottrettur, hrísgrjón og rifnar gulrætur Ávextir Viðtalsdagur	26. Pylsupasta og salatbar Ávextir Viðtalsdagur	27.
28.	29. Ofnbakaður fiskur í ostasósu, hrísgrjón og gúrka Ávextir Starfsdagur	30. Slátur kartöflur, rófur og jafningur Ávextir	31. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti, tómatsósa og salatbar Ávextir	1. feb. Grænmetisbuff, hrísgrjón, paprika og sólskinsdressing Ávextir	2. feb. Makkarónusúpa, brauð, álegg og salatbar Ávextir	3. feb.

Viðtals dagar eru fimmtudaginn 25. janúar og föstudaginn 26. janúar.

Nemendadagurinn er 11. janúar, lokadagur til að skrá sig í hæfileikakeppnina er 8. janúar.

Mánudaginn 29. janúar er starfsdagur.